

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi Suðureyrarmala. Skólagata 8.

Breytingin felur í sér að byggingarmagn verður aukið á lóðinni Skólagötu 8, Suðureyri, með því að nýta rishæðir, matshluta 01, og eykst fermetrarfjöldinn þar um 88 m² og, matshluta 02, þar sem fermetrafjöldinn eykst um 110 m². Heildargrunnflöturinn á lóðinni sjálfri eykst ekki.

Nýtt deiliskipulag. Tengivirki í Breiðadal í Öfundarfirði.

Landsnet ehf. er með áform um nýtt yfirbyggt tengivirki á lóð 1, í landi Veðrarár-Ytri, L141031, í Öfundarfirði. Áformin samræmast núgildandi aðalskipulagi. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Enn fremur er markmiðið að snyrta umhverfið vegna sýnileika svæðisins.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 29. apríl 2022.

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.